

2. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða dag, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrir en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

Nú á gerð að fara fram á tilteknum fresti og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða almennur lokunardagur bankastofnana, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um víxla.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 55. gr. laga nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka orðist svo:

Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.